


**Stofnsamningur fyrir byggðasamlagið Félags- og skólaþjónustu  
Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs.**

1. Eftirtalin sveitarfélög samþykkja að gerast aðilar að Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs.
  - Rangárþing eystra
  - Rangárþing ytra
  - Ásahreppur
  - Mýrdalshreppur
  - Skaftárhreppur
2. Stofnkostnaður Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. greiðist af aðildarsveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda.
3. Byggðarsamlagið starfar í tveimur deildum félagsþjónustudeild og skólaþjónustudeild.
4. Byggðasamlagið sinnir félagsþjónustu og barnaverndarmálum á starfsvæði félagsins í samræmi við lög og reglugerðir og ákvarðanir sveitarstjórna á hverjum stað. Byggðarsamlagið sinnir einnig skólaþjónustu við grunn- og leikskóla á svæðinu.
5. Tekjur byggðasamlagsins eru framlög aðildarsveitarfélaganna, sem greidd eru til samlagsins samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun sem lögð er fyrir sveitarstjórnirnar í október á hverju ári. Framlöggin taka mið af íbúafjölda í hverju sveitarfélagi 1. desember ár hvert.
6. Sveitarfélög þau sem aðild eiga að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þegar uppgjör fer fram.
7. Annarra tekna aftar samlagið með þjónustu við íbúa annarra sveitarfélaga ef gerðir verða samningar þar um. Skulu þær tekjur innheimtar skv. gjaldskrá, sem ákveðin er á aðalfundi hvers árs, eða skv. samningum sem gerðir kunna að verða.
8. Fulltrúar aðildarsveitarfélaga undirrita stofnsamning þennan á stofnfundi Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. 20. ágúst 2013

Með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna.



f.h. Rangárþings eystra




f.h. Ásahrepps



f.h. Skaftárhrepps



f.h. Rangárþings ytra



f.h. Mýrdalshrepps

## Drög að samþykktum fyrir byggðasamlagið Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið er byggðasamlag og heitir Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Starfsstöðvar eru á Hellu, Hvolsvelli eða annarsstaðar eftir ákvörðun samlagsins hverju sinni.

2. gr.

Aðild að Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu b.s. eiga sveitarfélögin í sýslunum, sbr. stofnsamning. Önnur sveitarfélög verða aðilar eftir ákvörðun stjórnar byggðasamlagsins hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk byggðasamlagsins er: Að samræma og annast félags- og skólaþjónustu á starfssvæði samlagsins í Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu. Félagið sinnir einnig samskonar verkefnum annarsstaðar eftir ákvörðun samlagsins og samningum sem um slíka þjónustu kunna að verða gerðir.

4. gr.

Undir byggðasamlaginu starfa tvær deildir félagsþjónustudeild og skólaþjónustudeild og skulu ráðnir deildarstjórnar til að sinna stjórnun og uppbyggingu á hvorri deild fyrir sig. Deildarstjóra sjá um aðrar mannráðningar í samráði við stjórn byggða-samlagsins.

### **Verkefni félagsþjónustudeildar:**

Félagsþjónustudeild hefur fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna yfirumsjón með:

- Barnaverndarmálum sbr. lög nr. 80/2002
- Málefnum fatlaðra sbr. lög nr. 59/1992
- Félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. lög nr. 40/1991.

### **Verkefni skólaþjónustudeildar:**

Skólaþjónustudeild hefur fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna yfirumsjón með:

- Greiningum og ráðgjöf samkvæmt 40. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 og 21.-23. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Einnig mat og eftirfylgd skv. sömu lögum og lagagreinum.
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og annarra opinberra aðila.
- Umsjón með gagna- og upplýsingasafni fyrir skólana.
- Umsjón með endurmenntun fyrir kennara í samvinnu við háskólastofnanir á uppeldissviði og aðrar skólaþjónustudeildir. Deildin beitir sér fyrir námskeiðahaldi fyrir starfsfólk skólanna og aðstoð við þróunar- og nýbreytnistarf í grunnskólunum og leikskólum.
- Þátttaka í ART-verkefninu, sem innifelur meðferð fyrir börn með tilfinninga- og hegðunarraskanir.



5. gr.

Rekstrarstjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu skal skipuð fimm aðalmönnum tilnefndum af aðildarsveitarfélögum og jafn mörgum til vara. Hlutverk stjórnarinnar er að hafa yfirumsjón með rekstri Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Stjórn skal í samstarfi við deildarstjóra gera tillögur til aðalfundar um rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir hvora deild fyrir sig og verkefni næsta árs. Stjórninni er ekki ætlað að fjalla um fagleg málefni deilda byggðasamlagsins.

6. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

7. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna eiga seturétt á aðalfundum samlagsins og fer einn frá hverri sveitarstjórn með atkvæðisrétt hennar í samræmi við íbúafjölda sveitarfélaganna 1. desember ár hvert. Tilkynt skal í upphafi fundar um það hver sveitarstjórnarmannanna fari með atkvæðisréttinn.

8. gr.

Tillögur um breytingar á samþykktum samlagsins skulu berast stjórn þess í síðasta lagi þremur sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögunum tillöguna bréflaga með sama fyrirvara.

9. gr.

Ákvarðanir aðalfundar og annarra funda í samlaginu, löglega til boðaðra, eru bindandi ef einfaldur meirihluti fulltrúa eigenda samþykkir að undanteknum ákvörðunum skv. 10. gr. Samþykktum samlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæðamagns á fundi.

Verkefni aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar eða formanns og ársreikningar.
2. Ákvörðun um gjaldskrá.
3. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins, ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara sbr. 8. gr.
4. Kosning fimm manna í stjórn og jafnmargra til vara.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Ákvörðun um laun stjórnar.
7. Önnur mál.

Aðalfundur skal boða bréflaga með dagskrá með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

10. gr.

Sameiginlegum kostnaði við félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra eins og hún var 1. desember n.l. ár. Kostnaður vegna einstakra úrræða greiðist af viðkomandi sveitarfélagi að höfðu samráði við framkvæmdastjóra sveitarfélags.



2. Stofnkostnaður Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. greiðist af aðildarsveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda.
3. Byggðarsamlagið starfar í tveimur deildum félagsþjónustudeild og skólaþjónustudeild.
4. Byggðasamlagið sinnir félagsþjónustu og barnaverndarmálum á starfsvæði félagsins í samræmi við lög og reglugerðir og ákvarðanir sveitarstjórna á hverjum stað. Byggðarsamlagið sinnir einnig skólaþjónustu við grunn- og leikskóla á svæðinu.
5. Tekjur byggðasamlagsins eru framlög aðildarsveitarfélaganna, sem greidd eru til samlagsins samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun sem lögð er fyrir sveitarstjórnirnar í október á hverju ári. Framlögin taka mið af íbúafjölda í hverju sveitarfélagi 1. desember ár hvert.
6. Sveitarfélög þau sem aðild eiga að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þegar uppgjör fer fram.
7. Annarra tekna aflar samlagið með þjónustu við íbúa annarra sveitarfélaga ef gerðir verða samningar þar um. Skulu þær tekjur innheimtar skv. gjaldskrá, sem ákveðin er á aðalfundi hvers árs, eða skv. samningum sem gerðir kunna að verða.
8. Fulltrúar aðildarsveitarfélaga undirrita stofnsamning þennan á stofnfundi Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. 20. ágúst 2013


Samþykktir fyrir byggðasamlagið og stofnsamningur samþykktir og undirritaðir með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna.


Fundargerð samþykkt samhljóða.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.40

Ísólfur Gylfi Pálmason, fundarritari

-----  
f.h. Rangárbings eystra

  
-----  
f.h. Ásahrepps

  
-----  
f.h. Rangárbings ytra

  
-----  
f.h. Mýrdalshrepps

-----  
f.h. Skaftárhrepps

